

## 118. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 22. mars 2021 kl. 16.30

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður  
Einar Brandsson varaformaður  
Helgi Pétur Ottesen  
Kristján Sveinsson varamaður  
Guðmunda Maríasdóttir fulltrúi starfsmanna  
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri  
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Fyrir var tekið:

### 1) Ársreikningur 2020

Jóhann Þórðarson frá Endurskoðunarstofunni Álit ehf. fór yfir ársreikninginn ásamt framkvæmdastjóra.

Samkvæmt ársreikningi námu rekstrartekjur Höfða 1.096 mkr. og rekstrargjöld án fjármagnsliða og afskrifta námu 1.093 mkr. Afskriftir námu 25,8 mkr. og fjármagnsliðir nettó 16,9 mkr. Rekstrarafkoma ársins er neikvæð um 39,6 mkr.

Handbært fé lækkar um 49,1 mkr. og nam 137,7 mkr. í árslok 2020.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikninginn með undirskrift sinni.

### 2) Vistunarmál

Samþykkt vistun fyrir einn einstakling, sjá trúnaðarbók.

**Staða á biðlistum 17.3.2021:**

Hjúkrunarrými: 31 einstaklingar.

Dvalarrými: 9 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 27 einstaklingar.

### 3) Framkvæmdanefnd Höfða

Bréf formanns nefndarinnar dags. 25.2.2021 þar sem hann segir af sér formennsku í framkvæmdanefnd Höfða þar sem það samræmist ekki nýju starfi hans sem byggingarfulltrúi Akraneskaupstaðar. Stjórn Höfða þakkar Karli fyrir vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Stjórn Höfða óskar eftir tilnefningu Akraneskaupstaðar á nýjum fulltrúa í nefndina.

### 4) Erindi frá Sólrúnu Perlu Garðarsdóttur varðandi mat á Höfða

Lagt fram.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Elsa Lára Arnardóttir  
Helgi Pétur Ottesen  
Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir  
Guðmunda Maríasdóttir

Helgi Pétur Ottesen  
Einar Brandsson  
Kjartan Kjartansson